

Uppbygging á hlutabréfamarkaði er langtímaverkefni

SKOÐUN | 07:00 | 27. DESEMBER 2014



Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, bendir í grein sinni á að á næsta ári sé 25 ára afmæli íslensks verðbréfamarkaðar. MYND/NASDAQ ICELAND

PÁLL HARÐARSON SKRIFAR

Uppbygging hlutabréfamarkaðarinnar er langtímaverkefni sem við helgum okkur áfram í Kauphöllinni. Við stöndum þó á vissum tímamótum sem gætu ráðið úrslitum um hvort okkur tekst að skapa markaðnum það umhverfi sem er sambærilegt við það sem best gerist erlendis.

Átta fyrirtæki hafa verið nýskráð á Aðalmarkað frá 2011 og geta fjárfestar í flestum tilfellum unað vel við ávöxtun sína. Sjóvá var nýskráð á Aðalmarkaðinn í apríl í ár og HB Grandi fluttist af First North yfir á Aðalmarkaðinn í sama mánuði.

Markaðsvirði skráðra fyrirtækja hefur hækkað og nemur nú tæplega 700 milljörðum króna, eða um 37% af landsframleiðslu. Til samanburðar var markaðsvirði allra skráðra fyrirtækja vorið 2009 rétt um 175 milljarðar króna.

Félögum í Úrvalsvisitölu Kauphallarinnar var einnig fjölgað úr sex í átta 1. júlí síðastliðinn í samræmi við fjölgun félaga á markaði.

Krefst árvekni

Aukin fjölbreytni þátttakenda á markaði er nauðsynleg. Ólíkar skoðanir þurfa að fá að takast á til að mynda heilbrigðan markað. Lagasetning um kynjahlutföll í stjórnnum fyrirtækja yfir ákveðinni stærð var gott skref og konum í stjórnnum skráðra fyrirtækja hefur fjölgað á árinu.

Kauphöllin, VÍB og FKA stóðu í samstarfi að verkefninu Fjölbreytni á markaði, hvar víðtækt fræðslustarf sem miðaði að því að ná til breiðs hóps fólks var þungamiðja. Við vildum líka vekja fólk til umhugsunar um málaflokkinn og auka sýnileika kvenna í viðskiptalífínu. Við höldum þessu samstarfi áfram á nýju ári.

Gjaldeyrishöft setja verðbréfamarkaði alvarlegar skorður, þar sem smá og stór fyrirtæki geta ekki nýtt sér fjármagn sem þau afla hérlendis til landvinninga erlendis. Stórkostleg hættu er á því að fyrirtækin leiti úr landi, innlendir fjárfestar missi af tækifærum og efnahagslífið hljóti skaða af.

Við stóðum fyrir stefnumóti fjárfesta við ellefu nýsköpunarfyrirtæki í maí, sem sýndi greinilega þróttinn í nýsköpun hérlendis og mikilvægi þess að hlúa að efnilegum fyrirtækjum. Við vonumst til að nýtt ár boði kaflaskil við losun hafta.

Fyrsta flokks markaður krefst árvekni allra þátttakenda; kauphalla, starfsfólks skráðra fyrirtækja, fjármálafyrirtækja, fjárfesta, fjölmiðla, opinberra eftirlitsaðila og þeirra sem móta leikreglurnar.

Lög og reglur verða að vera virtar og stjórnarhættir í góðu horfi. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti, í samstarfi við Kauphöllina, SA og Viðskiptaráð hefur staðið að formlegu mati á starfsháttum stjórna og stjórnenda, en fjórtán fyrirtæki hafa nú þegar hlotið viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum.

Verðugar áskoranir

Á síðastliðnu hausti lögðum við fram tíu tímasettar tillögur sem hafa það að markmiði að bæta virkni verðbréfamarkaðar.

Margar tillögurnar snúast um að bæta umhverfi smærri fyrirtækja og auðvelda þeim að nýta hlutabréfamarkað til vaxtar í sama mæli og þekkist erlendis, en tiltölulega einfaldar breytingar á laga- og reglugerðarumhverfi eru til þess fallnar að bæta aðstöðu þessara fyrirtækja og styðja við skilvirkni markaðarins. Við munum fylgja tillögunum eftir með ýmsum hætti á komandi ári.

Við stöndum frammi fyrir verðugum áskorunum við uppbyggingu hlutabréfamarkaðar á næsta ári, á 25 ára afmæli íslensks verðbréfamarkaðar.

Við erum þó bjartsýn, enda hafa nokkur fyrirtæki tilkynnt um skráningaráform, s.s. Reitir, Eik og Síminn. Einnig standa vonir til að ákveðið verði að skrá Landsbankann áður en langt um líður.

Öflugur markaður er skilvirkur fjármögnunar atvinnulífsins og þeirra lífskjara sem við viljum búa við.

